

Hringrás - Reyðarfirði  
Klettagörðum 9  
104 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2020  
UST202004-068/S.M.  
08.14.02

### Lokunareftirlit – Hringrás Reyðarfirði

Þann 25. mars sl. var staðfest að lokafrágangur vegna rekstrarstöðvunar spilliefnamóttöku Hringrásar á Reyðarfirði telst fullnægjandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllt

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir

*Halla Einarsdóttir*

Halla Einarsdóttir

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Hringrás Reyðarfirði Reyðarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	26.3.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hringrás Reyðarfirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Hjallaleiru 12	<b>Tegund eftirlits</b>	Lokunareftirlit
<b>Kennitala</b>	5106131390	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Alexander Eðvardsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	724227,412 511820,289

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Skýrsla þessi er til staðfestingar á að lokafrágangur vegna rekstrarstöðvunar spilliefnamóttöku á starfstöð Hringrásar á Reyðarfirði telst fullnægjandi. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar.

Á starfstöðinni er áætlað að reka söfnunarstöð fyrir úrgang og hefur verið sótt um starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi hjá heilbrigðisnefnd Austurlands.

### UMFANG EFTIRLITS

Þann 21. janúar sl. barst Umhverfisstofnun erindi frá Hringrás þar sem óskað var eftir niðurfellingu starfsleyfis fyrirtækisins vegna starfstöðvar þess á Reyðarfirði. Fram kom í erindinu að rekstraraðili væri hættur meðhöndlun spilliefna og hefði samhlíða sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar Austurlands.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu fór lokunareftirlit ekki fram á staðnum, þess í stað var tekið tillit til síðustu eftirlitsskýrslu, lokunaráætlunar og staðfestingu á frágangi með myndum af starfstöðinni frá rekstraraðila.

Frágangi vegna spilliefnamóttöku Hringrásar á Reyðarfirði telst lokið, engin frávik komu fram og engar athugasemdir voru gerðar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.04.2020

Sigríður Magnúsdóttir